

LAUNATRYGGING FÉLAGS LYKILMANNA (FLM)

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 357

Launatrygging Félags lykilmanna (FLM) er hóptrygging sem greiðir bætur verði váttryggður fyrir tekjutapi af völdum slyss eða sjúkdóms. Um váttrygginguna gilda hópváttryggingarsamningur, skilmálar þessir og almennir skilmálar félagsins nr. 001.

Váttryggðir eru félagsmenn í Félagi lykilmanna.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Bótaréttur fellur þó niður ef váttryggður býr og stundar atvinnu erlendis lengur en 6 mánuði í senn.

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir dagpeninga ef váttryggður verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og launatekjur hans falla niður. Með orðinu „óvinnufærni“ er átt við, að váttryggður hafi misst starfsorku sína þannig að honum er ókleift að vinna störf sín. Bætur fyrir tímabil þegar um einangrun í sóttkví er að ræða á heimili eða á sjúkrahúsi, að fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, greiðast á sama hátt og við sjúkdóma. Að auki greiðir váttryggingin dagpeninga vegna ólaunaðrar fjarveru váttryggðs af völdum alvarlegs sjúkdóms eða slyss barns hans undir 16 ára aldri.

Hafi váttryggður ekki verið að fullu vinnufær óslitið á síðustu 3 mánuðum áður en hann gengur í hópinn greiðast engir dagpeningar vegna sjúkdóms á fyrstu 24 mánuðunum frá upphafi hópaðildar hans.

3. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki starfsorkumissi af völdum:

- Meiðsla eða veikinda sem stafa af hvers konar akstursíþróttum og bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi, fallhlífarstökki, þyluskíðaiðkun og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.
- Meiðsla er váttryggður verður fyrir í handalögmálum við þátttöku eða refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.
- Sjúkdóma eða slysa er rekja má til neyslu áfengis, deyfif- eða eiturlyfja nema að sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og sjúkdómsins eða slyssins.
- Ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja váttryggðs
- Slysa sem hljótast af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og eru bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjatrýggingu, hvort heldur ábygðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum. Sama gildir eigi váttryggður rétt til bóta skv. reglum um tjón af völdum óþekktra og óváttryggðra ökutækja.
- Slysa og sjúkdóma barna ef hinn váttryggði á rétt á fæðingarorlofsgreiðslum vegna barnsins.
- Fæðingar eða fósturláts nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla.
- Slysa sem urðu áður en váttryggingin tók gildi eða váttryggði gekk inn í Félag lykilmanna og hvers kyns sjúkdóma, sem sýnt höfðu einkenni fyrir þau tímamörk og honum var eða mátti vera kunnugt um, hvort sem formleg greining hafi átt sér stað eða ekki. Þessi undanþága á aðeins við fyrstu 24 mánuðina frá því að váttryggingin tók gildi eða váttryggði gekk inn í Félag lykilmanna.
- Meiðsla sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- Slys sem verða í flugi, nema váttryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálafirvalda.

4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Greiðsla dagpeninga hefst þegar launatekjur váttryggðs falla niður en þó aldrei fyrr en að loknum 90 daga biðtíma frá upphafi sjúkratímabils. Með sjúkratímabili er átt við það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku (óvinnufærni) er fyrir hendi að hluta eða öllu leyti af völdum bótaskylds slyss eða sjúkdóms. Félagið ákveður hve mikill starfsorkumissirinn er á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Stafi starfsorkumissir váttryggðs að einhverju leyti af orsökum, sem ekki falla undir trygginguna, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Félagið greiðir ekki dagpeninga

vegna óvinnufærnistímabils eftir að tilkynnt var um starfslok váttryggðs, nema bótaskyld óvinnufærni með viðvarandi fjarveru frá vinnu hafi verið tilkomin fyrir þann tíma.

Bætur vegna sama slyss, sjúkdóms eða tengdra orsaka greiðast þar til váttryggður hefur endurheimt starfsorku sína að fullu en þó að hámarki í 275 daga, óháð því hvort óvinnufærni er samfelld innan bótatímans eða ekki. Þegar lengra en 12 mánuðir líða á milli bótaskyldra óvinnufærnitímabila, sem rekja má til sömu eða tengdra orsaka, hefjast bótagreiðslur fyrst aftur að liðnum nýjum biðtíma þar til hámarki bótatíma er náð. Sé tíminn skemmri reiknast ekki nýr biðtími. Missi váttryggður síðar starfsorku sína að nýju af öðrum og ótengdum ástæðum getur hann aftur öðlast rétt til fullra bóta að loknum biðtíma, þó þannig að váttryggður getur að hámarki fengið greidda dagpeninga samtals í 18 mánuði á hverju 10 ára tímabili.

Bætur vegna ólaunaðrar fjarveru váttryggðs vegna slyss eða veikinda barns eru greiddar að loknum 30 daga biðtíma frá upphafi sjúkratímabils þar til barnið hefur náð bata eða að hámarki í 180 daga vegna sama slyss, sjúkdóms eða tengdra orsaka, hvort sem fjarvera er samfelld eða ekki. Váttryggður getur að hámarki fengið greidda dagpeninga samtals í 12 mánuði á hverju 10 ára tímabili vegna slysa eða veikinda barna, óháð fjölda þeirra.

Fjárhæð dagpeninga vegna algerrar óvinnufærni er 80% af mánaðarlegri váttryggingarfjárhæð váttryggðs og greiðist í hlutfalli við starfsorkumissi. Heildargreiðsla dagpeninga til váttryggðs á hverjum tíma getur aldrei numið hærri fjárhæð en að ofan greinir þótt fleiri en ein orsök sé að baki starfsorkumissi hans.. Váttryggður skal framvísa til félagsins þeim upplýsingum sem það óskar eftir til staðfestingar á tekjum vegna tjónsuppgjörs.

5. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð er einstaklingsbundin og reiknast út frá þeim launum sem váttryggður greiðir iðgjald af, samkvæmt nánari reglum í hóptryggingarsamningi. Váttryggingarfjárhæðir eru aðgengilegar váttryggðum á vefsíðu Félags Lykilmanna.

6. gr. Sérregla um uppsögn váttryggingarverndar

Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingunni gagnvart váttryggingartaka eða einstökum váttryggðum þátttakanda í þeim tilvikum sem greinir í 7. gr. almennra skilmála félagsins eða endurnýja hana ekki. Ef til uppsagnar kemur gagnvart einstökum þátttakanda skal váttryggingartaki tilkynna honum sannanlega um niðurfellingu váttryggingaverndar í samræmi við nánari fyrirmæli félagsins. Félaginu er jafnframt heimilt að senda slíka tilkynningu til þátttakanda svo jafngilt sé, enda sé váttryggingartaka tilkynnt um það.

7. gr. Aldursmörk

Váttryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára og fellur úr gildi í lok þess váttryggingarárs sem váttryggður nær 66 ára aldri. Hámarksaldur við inngöngu í trygginguna er 64 ár.

Skilmálar þessir gilda frá 01. nóvember 2024 og koma í stað eldri skilmála sem giltu frá 1. apríl 2022.